

Ed.

461. Nefndarálit

[42. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp til laga til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 8. apríl 1983 gerir ráð fyrir að breytingar á gjaldskrám orkufyrirtækja skuli háðar samþykki ráðherra orkumála. Bætist ný grein við almenn ákvæði orkulaga, 81. grein, er taki af tvímæli og tryggi vald ráðherra í þessu efni. Í rökstuðningi fyrir setningu segir m. a. að vegna fyrirhugaðra stórfelldra hækkana á gjaldskrám orkufyrirtækja þann 1. maí 1983 og til að styrkja heildarstjórn á verðlagningu á raforku og heitu vatni til almenningsveitna beri nauðsyn til þessarar lagasetningar.

Við áramót 1981—1982 féllu úr gildi ákvæði laga sem gilt höfðu frá því árið 1970 og veittu stjórnvöldum lagastöð til að ákveða gjaldskrá Landsvirkjunar og annarra orkufyrirtækja. Eftir það ákvað stjórn Landsvirkjunar gjaldskrá fyrirtækisins á grundvelli 11. greinar laga nr. 59/1965 og síðar laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Í krafti þessarar breyttu lagastöðu hækkaði stjórn Landsvirkjunar gjaldskrá fyrirtækisins til muna meira en ríkisstjórnin taldi rétt, t. d. um 29% þann 1. nóvember 1982 og aftur 29% 1. febrúar 1983. Hliðstæð hækkun var boðuð af fyrirtækinu 1. maí 1983.

Í bréfi iðnaðarráðuneytisins til gjaldskrárnefndar 26. apríl 1983 kemur fram mat ráðuneytisins á þessari verðþróun og rök fyrir þeirri afstöðu að heimila þá ekki hækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsveitna. Í bréfinu segir m. a.:

„Hækkanir á gjaldskrá Landsvirkjunar umfram almennar verðhækkanir hafa verið mjög verulegar undanfarin ár. Þannig hækkaði gjaldskrá fyrirtækisins um 119% á árinu 1982.

Stjórn Landsvirkjunar áformar enn verulegar hækkanir á þessu ári, sbr. áður nefnt bréf fyrirtækisins, dags. 14. jan. 1983, þar sem áformuð er sama hækkun 1. maí n. k. og ákveðin var af stjórn Landsvirkjunar 1. febrúar s. l., eða 29% hækkun gjaldskrár.

Í apríl 1982 óskaði Landsvirkjun eftir 40% hækkun á gjaldskrá sinni til almenningsrafveitna skv. umsögn Þjóðhagsstofnunar. Hækkun vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1982 var 11,7%. Hér var því um að ræða 25,3% raunhækkun gjaldskrár. Ríkisstjórnin beindi þá þeim tilmælum til Landsvirkjunar að hún dreifði þeim raunverðshækkunum, sem í þessari beiðni fólst, á nokkra næstu ársfjórðunga með það í huga að sama raunvirði tekjuaukningar næðist á árunum 1982—83. Jafnframt var að því unnið að ná fram leiðréttingu á raforkuverði til stóriðju sem miklu skiptir fyrir afkomu Landsvirkjunar.

Frá 1. maí 1982 hefur gjaldskrá Landsvirkjunar og hækkun byggingavísitölu verið sem hér segir:

	Raunveruleg hækkun	Hækkun vísitölu byggingarkostnaðar mánuði áður hverju sinni
1982 01.05	22%	11,7%
01.08	22%	12,3%
01.11	29%	16,8%
1983 01.02	29%	11,3%
Hækkun alls	147,7%	63,1%

Eins og þessar tölur bera með sér hefur Landsvirkjun alls fengið nálægt 52% hækkun á gjaldskrá umfram hækkanir á vísitölu byggingarkostnaðar á umræddu tímabili. Sé jafnframt tekið tillit til 19,8% hækkunar á byggingarvísitölu þann 1. apríl s. l. hefur Landsvirkjun nú tæplega 27% hærri gjaldskrá að raungildi en fyrir 1. maí 1982. Er það nokkuð umfram þá raunverðshækkun sem Þjóðhagsstofnun mælti með í apríl 1982, en það var 25,3% sem fyrr segir.

Enn fremur er því við að bæta að rauntekjuaukning Landsvirkjunar á umræddu tímabili eru nú þegar orðin mjög svipuð og Þjóðhagsstofnun taldi nægilega.

Á þessum grundvelli virðist því ekki ástæða til að veita Landsvirkjun hækkun á gjaldskrá til almenningsveitna að þessu sinni, og líta ber á að almenningsveitur hafa verið látnar taka á sig óeðlilega mikinn hlut af framleiðslukostnaði raforku hjá Landsvirkjun að undanfögnu.

Þess má að lokum geta að rekstrarvandi Landsvirkjunar stafar öðru fremur af því að tæplega 60% af orkusölu fyrirtækisins rennur til stóriðjuvera samkvæmt langtímasamningum, að yfirgnæfandi hluta til álversins í Straumsvík. Orkuverð samkvæmt rafmagnssamningi við Ísal hefur ekki hækkað lengi og er nú langt neðan við það sem eðlilegt getur talist. Reyna verður á leiðréttingu á þeim samningi eins og ráðuneytið hefur ítrekað lagt til áður en frekari hækkunum er velt fyrir á almenningsveitur.“

Undirritaður telur ekki aðeins að skýr rök hafi verið fyrir setningu umræddra bráðabirgðalaga, heldur beri nauðsyn til að stjórnvöld hafi hverju sinni fulla og óskoraða heimild til íhlutunar varðandi gjaldskrár opinberra fyrirtækja eins og orkufyrirtækja sem fengið hafa einokun til orkusölu á tilteknu svæði.

Það gildir um rafveitur og hitaveitur sveitarfélaga og í reynd um Landsvirkjun sem meginorkuframleiðslufyrirtæki í landinu. Á það enn frekar við eftir samþykkt nýrra laga um Landsvirkjun á Alþingi 23. mars 1983 (lög nr. 42/1983).

Varðandi verðþróun á raforku og ástæður fyrir hinu háa raforkuverði er rétt að vísa til nýlegrar umsagnar Rafmagnsveitna ríkisins frá 16. des. 1983 vegna tillögu til þingsályktunar um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi. Þar segir í niðurlagi greinargerðar til allsherjarnefndar sameinaðs þings:

„Prátt fyrir mikil og dýr flutnings- og dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins, sem teygja sig um land allt að undanskildum Vestfjörðum, er það orkuöflunarkostnaðurinn sem er ráðandi í kostnaði við öflun, flutning og dreifingu raforkunnar. Á þeim árum, þegar Rafmagnsveiturnar bjuggu við óhagkvæma orkuöflun með dísilvélum og smáum vatnsaflsvélum, var varla við öðru að búast. Á árinu 1982 voru aðeins framleiddar 3 GWh með olíurafstöðvum og er því orsakanna núna að leita annars staðar. Gífurlegar hækkanir á raforku frá Landsvirkjun á undanförnum missirum vega hér þungt.

Rafmagnsveitur ríkisins telja að þessar hækkanir Landsvirkjunar umfram verðbólgu séu tilkomnar vegna:

1. Rangrar verðlagsstefnu stjórnvalda á undanförnum áratug.
2. Of lágs verðs til stóriðjufyrirtækja.

Um fyrri þáttinn er fjallað í (2), en varðandi seinni þáttinn er rétt að draga fram eftirfarandi staðreyndir varðandi sölu Landsvirkjunar til stóriðju og almenningsveitna miðað við verðið eins og það var 8. nóv. 1983:

	Verð kr/kWh	Keypt magn 1982 GWh
Íslenska Álfélagið hf.	0,267	1315
Áburðarverksmiðja ríkisins	0,267	119
Íslenska járnblendifélagið hf.	0,203	402
Almenningsveitur	1,171 ¹⁾	1105

1) Hér er miðað við kaup á 132 kV málspennu og 5000 stunda nýtingartíma.

Til samanburðar skal þess getið að kostnaðarverð frá nýjum virkjunum er talið vera 0,40—0,50 kr/kWh samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun. Prátt fyrir að bætt sé við kostnaði vegna 220 kV og 132 kV stofnlínukerfa Landsvirkjunar er ljóst að verð til almenningsveitna er nær tvöfalt miðað við kostnaðarverð raforkunnar. Á sama tíma greiðir stóriðjan einungis helming kostnaðarverðsins og varla það.

Vegna hins háa orkuöflunarverðs þykir Rafmagnsveitum ríkisins einsýnt að þær beri skarðan hlut frá borði við skiptingu tekna af raforkusölu eins og dæmið um rafhitunarsöluna hér að framan sýnir svo glögglega.

Rafmagnsveitur ríkisins styðja það því eindregið að skipuð verði nefnd óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega orsakir hins háa raforkuverðs til almennings hér á landi.“

Með tilvísun til ofangreindra atriða leggur undirritaður til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 19. mars 1984.

Skúli Alexandersson.